

93
18. júní

Auglýsing

um staðfesting stjórnnarráðsins á heilbrigðissamþykkt fyrir kaптúnið Blönduós
í Húnavatnssýslu.

Samkvæmt lögum nr. 64, 10. nóvbr. 1905, um heilbrigðissamþyktir fyrir bæjar- og sveitarfélög, er hér með staðfest eftirrituð heilbrigðissamþykkt fyrir kaптúnið Blönduós í Húnavatnssýslu.

Heilbrigðissamþykkt

fyrir Blönduósskaптún í Húnavatnssýslu.

I. Almenn dkrvæði.

1. gr.

Heilbrigðissamþykkt þessi gildir fyrir kaптúnið Blönduós með þeim takmörkum er því kunna að verða sett, en þangað til skal samþykkt þessi gilda fyrir alt það svæði, sem bygt er eða tekið til ræktunar fyrir sunnan Blöndu, frá Háubrekku fyrir utan Draugagil eftir brekkubruninni um Dihól og Arnarhól beint í Blöndu við Nafir.

2. gr.

Sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu er formaður heilbrigðisnefndarinnar, auk hans eiga sæti í nefndinni 2 af íbúum kaптúnsins, 1 kosinn af hreppsnefnd Torfalækjarhrepps og einn kosinn af sýslunefndinni til eins árs í senn. — Formaður kveður til fundar, er honum þykir þurfa eða hinir nefndarmennirnir óska þess, eða héraðslæknir krefst þess. Nefndin skal halda fundabók og innfæra í hana allar athuganir sínar og tillögur.

Nefndin skiftir störfum með sér eftir því sem henni þykir bezt henta.

Héraðslæknir á heimting á að sitja á nefndarfundum og skal formanni skylt að gjöra honum aðvart um fundarhöldin.

3. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa gætur á því að fyrirmælum heilbrigðissamþyktarinnar sé hlýtt og hún sé haldin í öllum greinum. Nefndinni skal heimilt að láta rannsaka alt það, er samþykktin ræðir um og þýðingu hefir fyrir heilsu

manna, hvort heldur er á almannafæri eða á lóðum þeim, er einstökum mönnum eða félögum tilheyrir. Alt það, er nefndin finnur aðfinsluvert, skal hún innfæra í fundarbókina og síðan skriflega skipa þeim, er í hlut á, fyrir um, hvað honum beri að gjöra til umbóta. **93** 18. júní

4. gr.

Ef heilbrigðisnefnd telur nauðsynlega einhverja heilbrigðisráðstöfun eða þrífnaðarbót, sem hefir í för með sér útgjöld, og er þess eðlis, að ekki er unt að heimta af neinum sérstökum lóðar- eða húsumráðanda að kosta hana eða framkvæma, þá skal nefndin leggja það mál fyrir hreppsnefnd og fara fram á að hún veiti fé úr sveitarsjóði. Vilji hreppsnefnd ekki veita féð, má skjóta því máli til sýslunefndar til úrskurðar.

II. Um fráráslu, vatnsból og mógrafir.

5. gr.

Eldhúss- og þvottaskólp og önnur óhreinindi má ekki láta siga ofan í jörð svo nærri íbúðarhúsum að jarðvegurinn undir íbúðarhúsunum saurgist, heldur skal veita skólpinu burt frá húsinu í opnum eða lokuðum ræsum í ána eða sjóinn.

Opin ræsi skal hreinsa svo oft, að ekki leggi ódaun úr þeim.

6. gr.

Engin vatnsból má leyfa, sem neyzluvatn sé tekið úr, önnur en þau, sem liggja svo nærri brekkunum að þau séu laus við járnla, og þannig útbúin að óhreinindi geti ekki borist í þau.

Sé vatnið ekki leitt í lokuðum pípum heim í húsin, skal það tekið úr lokuðum brunnum með dælu.

Brunna til að taka vatn úr til þvotta og skepnuhirðingar má heilbrigðisnefnd leyfa, ef þeir eru ekki nálægt haugum eða forum, og svo vel frá þeim gengið að sorp falli ekki í þá og skólp renni ekki í þá. Þyki heilbrigðisnefnd ástæða til, getur hún síðar bannað þessa brunna fyrir fult og alt.

Vatn má aldrei nota úr mýrarræsum eða mógröfum.

7. gr.

Heilbrigðisnefndin getur heimtað af þeim, sem taka upp mó á því svæði, er samþykkt þessi nær yfir, að þeir veiti öllu vatni úr mógröfunum, eða moki ofan í þær, svo að vatn standi ekki í þeim, og vanræki þeir þetta, skal hún annast um að það sé gjört á þeirra kostnað. Yfir höfuð skal heilbrigðisnefndin annast um að kaптúnið sé sem þurrast og mýrarnar þurkaðar upp með djúpum skurðum kringum bæina og meðfram vegunum, og skal slík framræsla teljast

93 með þeim þrífnaðarbótum, er sveitarsjóður kosti að svo miklu leyti, sem nefndin 18. júní getur ekki heimtað það af einstökum mönnum.

III. Um peningshús, hauga og forir.

8. gr.

Heilbrigðisnefndin getur bannað að hafa stórgripi og sauðfé í íbúðarhúsum manna eða byggingum, sem áfastar eru við íbúðarhúsin.

9. gr.

Heilbrigðisnefndin skal segja fyrir um hvar peningshús, haugstæði, haughús eða forir megi vera, og má enginn gjöra þau að nýju nema hann hafi fengið samþykkt heilbrigðisnefndarinnar til þess og hlýti hennar fyrirmælum um frágang og tilhögun á þeim.

Peningshús og haugstæði, sem eru eldri en þessi samþykkt, getur heilbrigðisnefndin heimtað að séu færð úr stað eða þeim breitt, ef að þeim er mikill óþrífnaður. Forir má því aðeins leyfa að þær séu gjörðar lagarheldar með steinlimi og veggirnir 25 cm. upp úr jörð og yfir þeim sé svo sterkur hleri að menn eða skepnur falli ekki í þær.

IV. Um salerni og sorpkistur.

10. gr.

Sérhverju húsi skal fylgja salerni og skal það vera með eins mörgum klefum og býli eru mörg í húsinu, þó má heilbrigðisnefnd veita undanþágu undan þessu ef henni þykir ástæða til þess.

Salernið skal þannig gjört að gólfíð sé steinsteyppt og hærra en jarðvegurinn í kring. Saurkagginn skal vera vatnsheldur og ná fast upp að setunni. Setuumbúnaðurinn skal vera laus, og alt skal þannig útbúið að sem auðveldast sé að sótthreinsa salernið. Sé salernið úr steinsteypu, skal kalka það að innan.

11. gr.

Við þau hús, sem ekkert salerni er nú, getur heilbrigðisnefnd heimtað af húseigendum eða umráðamönnum að þau séu reist innan 6 vikna eftir að samþykkt þessi kemur í gildi, og séu salerni illa gjörð svo ekki sé auðvelt að halda þeim hreinum getur heilbrigðisnefndin heimtað af húseigendum eða umráðamönnum að þau séu gjörð að nýju á þann hátt, er segir í 10. gr. Aukasalerni má ekki hafa inni í húsi, nema með leyfi heilbrigðisnefndar, og segir hún þá fyrir um útbúnað þess.

Salernum skal jafnan halda vel hreinum og saurilátin tæmast óðar en **93**
þau fyllast. 18. júní

12. gr.

Veitingamenn, kaupmenn og aðrir vinnuveitendur skulu skyldir að reisa salerni til afnota fyrir viðskiftamenn sína og verkamenn og sjá um hæfilegan þrifnað á þeim undir eftirliti heilbrigðisnefndar.

Öllum mönnum, hvort heldur eru íbúar kaupsinsins eða aðkomumenn, er skylt að notu salerni til þarfinda sinna, og varðar það sektum ef út af er brugðið.

13. gr.

Sorpkipa með því lagi, sem heilbrigðisnefnd fyrirskipar, skal fylgja hverju húsi. Í sorpkistuna skal láta alt sorp, rusl og ösku úr húsinu og flytja burt óðar en hún fyllist.

Heilbrigðisnefnd segir fyrir um hvert flytja skuli innihald sorpkistanna og saurkagganna og hefir eftirlit með því að ílát þessi séu tæmd nægilega oft, þyki henni vanræksla í þessu, getur hún látið gjöra það á kostnað húsbúa. Ef héraðslæknirinn álitur nauðsynlegt vegna veikinda að strangt eftirlit sé með þessu, getur heilbrigðisnefndin ráðið sérstakan mann til að hafa á hendi umsjón með hreinsun saurkagga og sorpkista, eða jafnvel framkvæmd, og ákveðið honum þóknun fyrir það starf.

Borgun fyrir þetta starf skal heilbrigðisnefnd innheimta hjá hverjum húsráðenda í hlutfalli við mannfjölda.

V. Um matvæli.

14. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa eftirlit með því, að ekki sé höfð á boðstólum matvara er sé svikin eða skemd, eða skaðleg heilsu manna. Ef nefndinni þykir þörf getur hún látið rannsaka alla matvöru, sem seld er, og skal greiða kostnaðinn við þá rannsókn úr sýslusjóði.

Nú er það bersýnilegt, eða kemur í ljós við rannsókn, að einhver matvara er skemd og ekki boðleg til manneldis, og skal nefndin þá auglýsa það opinberlega og vara almenning við að nota vöruna til manneldis.

Sé varan svikin og skaðleg heilsu manna eða skepna, getur nefndin bannað að selja hana að viðlögðum sektum.

Kjöt af veikum skepnum eða sjálfdaudum má ekki selja til manneldis.

VI. *Um slátrun.*

15. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa sérstakt eftirlit með slátrun sauðfjár og líta eftir hvort nauðsynlegs þrifnaðar sé gætt á slátursvæðinu og í kringum það, og skulu allir, sem við slátrun fást, skyldir að hlýða fyrirmælum hennar í þessu efni hvaðan að sem þeir kunna að vera.

16. gr.

Öllum sullum og meinum, sem og hausum af höfuðsóttarfé, skal safna í tunnur og síðan eyðileggja á þann hátt er lög mæla fyrir.

17. gr.

Að lokinni sláturtíð skal hreinsa slátursvæðið og flytja burt gor og önnur óhreinindi, er þar kunna að hafa safnast, en meðan á slátrun stendur skal daglega hreinsa sláturhús og sláturskygni, eftir því sem föng eru á og heilbrigðisnefnd kann að heimta.

VII. *Um íbúðarhús og skóla.*

18. gr.

Öll hús, sem notuð eru til íbúðar, skulu vera svo gjörð að unt sé að halda þeim hreinum. Í hverju herbergi skal að minsta kosti einn gluggi vera á hjörum, sé ekki annar útbúnaður til loftræsingar er heilbrigðisnefnd álitur nægja.

Ef íbúðarhús er svo illa gjört, hrörlegt eðn þröngt, að heilbrigðisnefndin álitur hættulegt að búa í því, getur hún bannað það.

Kjallara undir húsum má ekki nota til íbúðar nema með sérstöku leyfi heilbrigðisnefndar.

19. gr.

Heilbrigðisnefndin skal skoða öll skólahús og kenslustofur, hvort heldur eru opinber eign eða einstakra manna, að minsta kosti tvisvar á ári, í byrjun skólaársins og á því miðju.

20. gr.

Hver kenslustofa skal vera svo stór að 2,5 cub.m. komi á hvern nemanda að minsta kosti.

Í kenslustofunum skal á hverjum degi þurka öll borð og bekki með votum klút áður en kensla byrjar og þvo gólfíð en sópa það aldrei, nema það sé oliuborið með skólagólffernis (Dustless oil).

21. gr.

93
18. júní

Nú eru heimavistir í skólanum og skal þess þá gætt:

- a. að í svefnloftum nemenda sé ætlað jafnmikið loftrými og í kenslustofunum.
- b. að svefnstofur séu þvegnar tvisvar í viku en aldrei sópaðar, nema þær séu oliubornar með skólagólf fernis.
- c. að nægileg loftrás sé í svefnstofunum án þess að valda súg.
- d. að ekki séu fleiri en 4 nemendur í sömu svefnstofu og hver nemandi hafi sérstaka sæng fyrir sig.
- e. að kenslustofur séu viðraðar í $1\frac{1}{2}$ —1 klukkutíma eftir kenslustundirnar, séu þær notaðar fyrir nemendur til undirbúnings hinn hluta dagsins.
- f. að hiti í kenslustofunum fari ekki yfir 16° og ekki undir 12° R. og að nægilegur raki sé í loftinu.
- g. að borðin í kenslustofunum séu af réttri gjörð og hæfileg eftir stærð og þroska nemendanna.

22. gr.

Salerni skólanna skulu vera sérstaklega vönduð úr hefluðum og plægðum við og máluð eða oliuborin og í þeim skal vera sérklefi fyrir hverja 15 nemendur.

Í heimavistarskóla skal einnig vera salerni innan húss til að nota á næturþeli og í sjúkdómstílfellum, og skal farið eftir nánari fyrirmælum heilbrigðisnefndar hvað útbúnað þess snertir.

23. gr.

Heilbrigðisnefndin getur heimtað að í kenslustofum og anddyrum skóla séu hrákadallar, skal þá tæma þá daglega.

24. gr.

Heilbrigðisnefndin getur látið rannsaka, hvort súrsun á slátri og söltun á kjöti sé í því lagi, að slátrið eða kjötið sé hæfilegt til matar, og ef það er álitid áhæft til manneðis, má ekki nota það til skólans.

VIII. Um næma sjúkdóma.

25. gr.

Þá er lögskipuðum vörnum er haldið uppi gegn næmum sjúkdómi, skal heilbrigðisnefndin aðstoða héraðslæknirinn við sóttvörnina.

Ef upp kemur alvarlega næmur sjúkdómur á því svæði, sem samþykktin nær yfir eða í nálægum sveitum, þá er heilbrigðisnefnd heimilt í samráði við héraðslækni að setja um stundarsakir strangari fyrirmæli, en í samþykkt þessari

93 felast, um hreinlæti utanhúss og innan, burtflutning á óhreinindum og fleiru 18. júní þess háttar.

IX. Um kirkjugarða.

26. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa eftirlit með kirkjugarðinum.

Ekkert vatnsból má vera nær kirkjugarðinum en 75 metra.

Grafir skulu vera svo djúpar, að 1,5 metra lag sé ofan á kistu að minsta kosti.

X. Um sektir og fleira.

27. gr.

Heilbrigðisnefnd skal fá allan útlagðan kostnað greiddan úr sveitarsjóði eftir gefnum reikningum. Rísi ágreiningur milli heilbrigðisnefndar og hreppsnefndar út af reikningum þessum, skal sýslunefnd skera úr málinu, en skyld skal hreppsnefnd að greiða féð um stund.

28. gr.

Ef menn brjóta samþykkt þessa eða vanrækja að framkvæma á settum fresti nokkra þá fyrirskipun, er heilbrigðisnefnd setur samkvæmt henni, þá varðar það alt að 200 kr. sekt, er renni í sveitarsjóð.

Ef heilbrigðisnefnd kys heldur að láta vinna verk það, er vanrækt hefir verið, þá er henni það heimilt á kostnað þess, er verkið átti að vinna, og skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sveitarsjóði, en síðan taka hann lögtaki hjá þeim, sem sekur er.

29. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. dag ágústmánaðar 1910.

Þetta er hérmeð gjört heyrum kunnugt.

I stjórnarráði Íslands, 18. júní 1910.

Björn Jónsson.

Eggert Briem.